

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Sumaropnun leikskóla 2021, staðan við upphaf sumars

Í apríl höfðu fáar umsóknir borist frá foreldrum í sumaropnun leikskólanna, sér í lagi í Stakkaborg og Drafnarstein. Tekin var ákvörðun um að gera foreldrum sem sóttu um dvöl í þessum leikskólum grein fyrir þessari stöðu og kanna möguleika þess að börnin færu fremur í leikskólann Langholt, sem var með fleiri umsóknir. Leikskólastjórar höfðu samband við foreldrana og einhverjir foreldrar kusu að hætta við að nýta sér þetta úrræði en nokkrir foreldrar þáðu að færa börnin yfir í Langholt. Niðurstaðan var sú að 7 börn fara í Langholt sem annars hefðu farið í Stakkaborg eða Drafnarstein. Þessu til viðbótar var foreldrum í Jörfa boðið að stytta sumarleyfi barna sinna um eina viku vegna hópsmits sem upp kom í leikskólanum vegna Covid-19 og þiggja vikudvöl í Langholti. Foreldrar/forráðamenn fimm barna þáðu það.

Barnahópurinn sem kemur í sumaropnun í Langholt er frá eftirtöldum leikskólum:

Leikskóli	Fjöldi barna
Furuskógur	1
Bjartahlíð	2
Klambrar	1
Stakkaborg	1
Jörfi	5
Vesturborg	1
Hagaborg	1

Hér fyrir neðan má sjá skiptinguna milli þeirra fjögurra leikskóla sem verða opnir í sumar.

Leikskólar	Fjöldi barna úr öðrum leikskólum	Fjöldi barna innan leikskólans	Samtals
Langholt	12	15	27
Bakkaborg	3	18	21
Engjaborg	6	6	12
Mariuborg	0	33	33
Samtals	21	72	93

Miðað við uppgefnar forsendur er búið að áætla kostnað vegna sumaropnunar 2021 kr. 20.648.600. Þessi breyting felur það í sér að kostnaðaráætlun vegna verkefnisins lækkar úr kr. 26.799.000 eða sem nemur kr. 6.150.400.

Leikskóli	Fjöldi stöðu- gilda í 4 vikur	Fjöldi stöðugilda í 4 vikur fjárhæð	TV einingar til aðstoðar leikskóla- stjóra í 3 mánuði	TV einingar til leikskóla- stjóra í 3 mánuði	Launa- kostnaður alls	Ræsting	Aðkeypt fæði í 1 mánuð m.v. 50% fjölda barna	Hreinlætis vörur	Sorp hreinsun	Kennslu efni	Annar rekstrar- kostnaður alls	Alls	Fjöldi barna 2. útg.
Bakkaborg	4	2.368.600	479.700	479.700	3.328.000	300.000	650.000	25.000	15.000	52.500	1.042.500	4.370.500	21
Engjaborg	4	2.368.600	479.700	479.700	3.328.000	240.000	520.000	20.000	12.000	32.500	824.500	4.152.500	12
Langholt	6	3.552.900	479.700	479.700	4.512.300	600.000	1.300.000	50.000	30.000	85.500	2.065.500	6.577.800	27
Mariuborg	6	3.552.900	479.700	479.700	4.512.300	300.000	650.000	25.000	15.000	45.500	1.035.500	5.547.800	33
		11.843.000	1.918.800	1.918.800	15.680.600	1.440.000	3.120.000	120.000	72.000	216.000	4.968.000	20.648.600	93